



Sjálfá tekin á gönguskiðum í Gautaborg 14. desember 2022.

## Pétur Sólmar Guðjónsson

sérnámslæknir í Gautaborg

# Af tegundum baktería

Bakteríurnar sem við berjumst við eru af mörgum og mismunandi toga. Seinustu fjögur ár er það fremur meinlaus baktería sem hefur tekið sér bólfestu í mínum hugarfylgnum. Reyndar óraði mig ekki fyrir því að hún skyldi verða á mínum vegi. Því þegar ég bjó og starfaði á Íslandi var mér hulin ráðgáta hvernig menn og konur gátu lifað með henni.

Að upplagi er ég vél-hneigður og hefur alltaf fundist spennandi að fylgjast með þróun tækninýjunga í þeim efnum. Braskað og brallað með karli föður mínum undir sænskum eðalvögnum sem eru okkar ær og kýr. Ferðast mikið um hálendið á alls kyns sjálf knúnum farartækjum og oftast en ekki velt því fyrir mér hversu yfirmáta fráleitir hugmyndir fólk fær sem ferðast á reiðhjólum um Ísland og þá sérstaklega hálendi landsins.

Bakterían er reiðhjólamennska. Utanaðkomandi öfl hafa vissulega átt sinn þátt í að skapa þessa bakteríu. Það var

nefnilega þannig að Landspítali borgaði mér fyrir að hjóla í vinnuna um skeið. Mér fannst mjög krefjandi að þurfa að taka mig fjóra kílómetra úr miðbænum upp í Fossvog. Verðlaunaði mig fyrir erfiðni með því að fara á bílnum einn dag í viku. Það mátti. Mér datt ekki í hug að svíkjust undan samgöngusamningum.

Við fjölskyldan fluttumst til Gautaborgar 2019 í framhaldsnám við Sahlgrenska-sjúkrahúsið. Nú er þannig í pottinn búið að ég hjóla í vinnuna í öllum veðrum, reyni að taka auka æfingu á heimleiðinni ef fjölskylduaðstæður leyfa. Það er beinlínis verra að keyra þar sem það tekur lengri tíma og þú verður af hreyfiminútum!

Kíki daglega á vefsíður með hjólum og hjóla-ihlutum og skoða reglulega hvenær við komumst í næsta hjólaleiðangur um vínhéruð Frakklands eða Ítalíu, nú eða fjallshlíðar Alpanna. Vandinn er síðan sá

að þetta vindur upp á sig. Það er nefnilega ekkert eitt hjól sem gerir allt fyrir mann.

Tækifærin til að kaupa nýtt og betra hjól hafa skapast óþarflega oft (fjórðum sinnum) hjá okkur þar sem vinnustaður okkar býður upp á fyrsta flokks aðstæður fyrir þjóf. Við erum hins vegar hvergi af baki döttin hvað varðar að endurnýja ferðamatann. Við höfum sagt þeim stríð á hendur og kaupum okkur alltaf nýtt.

Nú er það samt svo að þegar við komum í heimsókn til vina og ættingja í Reykjavík þá eru vegalengdirnar svo miklu lengri (sem ekki er raunin) og óyfirstíganlegar (sem er raunin) á reiðhjól. Viðbragðið er að við tökum bílinn.

Tímarnir breytast og mennirnir með sagði einhver, en aðstæður til breytinga skipta hins vegar höfuðmáli í þessum efnum.

Hjólaferðalag um Vestfirði! – það er yfirmáta frábær hugmynd.

## Félagsgjöld LÍ 2023 og afslættir

Á aðalfundi LÍ 14. október 2022 var samþykkt breytt fyrirkomulag félagsgjalda til LÍ, sem gefur læknum aukinn sveigjanleika gagnvart félagsgjöldum. Helstu þættir hins breytta fyrirkomulags eru:

- Fullt félagsgjald LÍ er áfram föst fjárhæð. Á aðalfundi LÍ 2022 var ákveðið að fullt félagsgjald árið 2023 verður 155.000 kr. Af því greiðast 23.400 kr. til *Læknablaðsins*.
- Afslættir af félagsgjaldi til almennra lækna verða sem hér segir. Sambærilegir afslættir eru á áskriftargjaldi viðkomandi til *Læknablaðsins*:
  - Árið sem læknir útskrifast greiðist ¼ hluta árgjalds (í raun ½ árgjald í hálfri ár).
  - Ár 2 og ár 3 eftir útskrift greiðist ½ árgjalds.
  - Ár 4 og ár 5 eftir útskrift greiðist ¾ árgjalds.
  - Eftir það greiðist fullt árgjald.
- Læknar, sem ekki vinna samkvæmt neinum samningum, sem LÍ eða aðildarfélag þess hafa gert, greiða ¼ hluta árgjalds. Sækja þarf um þetta lægra árgjald til stjórnar LÍ, sem ákveður hvort fullnægt sé skilyrðum lækkaðs árgjalds.
- Læknar, sem búa erlendis en koma til Íslands og vinna reglulega, í afleysingum eða á stofu, greiða ¼ hluta árgjalds. Sækja þarf um þetta lægra árgjald til stjórnar LÍ, sem ákveður hvort fullnægt sé skilyrðum lækkaðs árgjalds.
- Læknar eldri en 70 ára, sem eru í vinnu, greiða ¼ árgjalds.
- Óvirkir félagsmenn (m.a. eldri en 70 ára, sem eru hættir að vinna og lækna sem búa erlendis og vinna ekkert hér á landi) sem vilja vera félagsmenn, greiða 10% af fullu félagsgjaldi.
- Læknanemar sem lokið hafa 4. ári í læknánámi greiða ekkert félagsgjald þó þeir gerist aukaaðilar að LÍ. Læknanemar eftir þriðja ár halda áfram að fá *Læknablaðið* án greiðslu.

Áskrift að *Læknablaðinu* er ekki innifalinn í árgjaldi samkvæmt tölulíðum 3, 4, 5 og 6.